

Tillögur til aðalfundar 2024

21. mars 2024



Aðalfundur Íslandsbanka hf. verður haldinn fimmtudaginn 21. mars 2024, kl. 16:00, í Ballroom salnum á Reykjavík Edition hótelinu, Austurbakka 2, Reykjavík. Jafnframt er gefinn kostur á rafrænni þátttöku á fundinum. Atkvæðagreiðsla á fundinum fer eingöngu fram með rafrænum hætti. Fundurinn fer fram á íslensku, en boðið verður upp á túlkapjónustu á ensku. Á fundarboðsdegi er útgefið hlutafé félagsins 2.000.000.000 hlutir. Þann 23. febrúar 2024 átti bankinn 30.014.331 eigin hluti.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar um rekstur og starfsemi bankans síðastliðið rekstrarár
2. Staðfesting ársreiknings bankans og samstæðureiknings fyrir síðastliðið rekstrarár
3. Ákvörðun um greiðslu arðs
4. Kosning stjórnar, varastjórnar bankans og formanns stjórnar
5. Kosning endurskoðanda
6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar
7. Tillaga stjórnar um breytingar á starfskjarastefnu bankans
8. Tillaga stjórnar um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar bankans
9. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum bankans
10. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breytingu á samþykktum bankans
11. Ákvörðun um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans
12. Kosning tveggja nefndarmanna og eins varamanns í tilnefningarnefnd bankans
13. Kosning utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd bankans
14. Önnur mál.

Tillögur stjórnar sem liggja fyrir fundinum:

Vegna dagskrárlíðar 2 – Staðfesting ársreiknings bankans og samstæðureiknings fyrir síðastliðið rekstrarár

Stjórn bankans leggur til að ársreikningur bankans og samstæðureikningur vegna ársins 2023 verði samþykktur.

Vegna dagskrárlíðar 3 – Ákvörðun um greiðslu arðs

Stjórn bankans leggur til að 12,3 milljarðar króna af hagnaði ársins 2023 verði greiddir í arð til hluthafa, þ.e. eigenda þeirra hlutabréfa sem ekki eru í eigu Íslandsbanka á aðalfundardegi. Greiðslan samsvarar um 50% af hagnaði ársins 2023 og er í samræmi við langtímastefnu bankans um u.þ.b. 50% arðgreiðsluhlutfall. Stjórn bankans getur boðað til sérstaks hluthafafundar síðar á árinu þar sem tillaga um greiðslu arðs af hagnaði fyrri rekstrarára eða endurkaup á eigin bréfum kann að vera lögð fram.

Verði tillagan samþykkt verður arðleysisdagur (e. Ex-date), þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf bankans án réttar til arðs 22. mars 2024. Arðsréttindadagur (e. Record date) verður 25. mars 2024. Hluthafar sem eru tilgreindir í hlutaskrá bankans í lok arðsréttindadags eiga tilkall til arðs. Útborgunardagur (e. Payment date) verður 2. apríl 2024.



Vegna dagskrárliðar 4 – Kosning stjórnar, varastjórnar bankans og formanns stjórnar

Í samræmi við samþykktir bankans skal á aðalfundi m.a. fara fram kosning stjórnar bankans sem kjörin er til eins árs í senn.

Tilnefningarnefnd Íslandsbanka óskaði eftir framboðum til stjórnar til nefndarinnar fyrir klukkan 16:00 þann 24. janúar. Tillögur tilnefningarnefndar hafa verið tilkynntar á Nasdaq Iceland og eru aðgengilegar á [vef bankans](#) og í höfuðstöðvum bankans.

Athugið að störf tilnefningarnefndar og skilafrestur umsókna til hennar takmarka ekki rétt frambjóðenda til að skila inn framboðum til stjórnar bankans áður en almennur framboðsfrestur rennur út, sem er fimm (5) dögum fyrir aðalfund bankans, þ.e. klukkan 16:00 þann 16. mars 2024. Frambjóðendur sem vilja skila inn framboði til stjórnar eru beðnir um að fylla út sérstakt eyðublað sem finna má á [vef bankans](#).

Í samræmi við samþykktir bankans skal kosning stjórnar bankans framkvæmd sem margfeldiskosning milli einstaklinga, sbr. c lið 6. mgr. 63. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Vegna dagskrárliðar 5 – Kosning endurskoðanda

Lagt er til að aðalfundur samþykki að KPMG ehf. verði kjörið endurskoðunarfélag bankans.

Eftir útboð ákvað stjórn bankans að KPMG ehf. yrði valið.

Vegna dagskrárliðar 6 – Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar

Lagt er til að aðalfundur Íslandsbanka samþykki að þóknun til stjórnarmanna verði kr. 521.000 á mánuði, þóknun til stjórnarformanns verði kr. 909.000 á mánuði og þóknun til varaformanns verði kr. 645.000 á mánuði. Því til viðbótar skuli greiða stjórnarmönnum kr. 258.000 á mánuði fyrir þátttöku í starfi undirnefnda stjórnar en auk þess fái formenn undirnefnda stjórnar greiddar kr. 58.000 á mánuði. Þóknun til varamanns í stjórn verði kr. 516.000 fyrir starfsárið, auk kr. 258.000 fyrir hvern setinn stjórnarfund eða fund með Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands um hæfismat. Þá verði þóknun utankomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd kr. 380.000 á mánuði.

Þóknun stjórnarmanna vegna starfa í undirnefndum tekur mið af fjölda nefndastarfa sem stjórnarmenn sinna en þó er ekki greidd þóknun fyrir setu í fleiri en tveimur nefndum.

Greinargerð:

Tillagan felur í sér um 3,25% hækkun á þóknun stjórnarmanna og launum nefndarmanna í undirnefndum stjórnar frá því sem samþykkt var á aðalfundi bankans 2023. Þá er gerð tillaga um þá breytingu á greiðslum til varamanna, að þeir fái greiddar kr. 516.000 í upphafi starfsárs og auk þess fái varamenn greiddar kr. 258.000 fyrir hvern setinn fund. Lagt er til að fjárhæð þóknunar til utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd sé hærrí en þóknun til stjórnarmanns sem er nefndarmaður í nefndinni. Helgast það af því að gera má ráð fyrir að ákveðin samlegðaráhrif séu falin í því að nefndarmaður sé jafnframt stjórnarmaður í bankanum og vinnuálag utanaðkomandi nefndarmanns sé alla jafna meira.



Vegna dagskrárliðar 7 – Tillaga stjórnar um breytingar á starfskjarastefnu bankans

Lagt er til að starfskjarastefna bankans verði samþykkt með eftirfarandi breytingum:

- a) felld verði út 2. gr. gildandi starfskjarastefnu, sem vísar til eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki, sem og tilvísun til eigandastefnu ríkisins í 7. gr. gildandi starfskjarastefnu. Ekki þykir við hæfi að vísa til eigandastefnu eins hluthafa fremur en annarra í starfskjarastefnunni. Stjórn bankans þykir mikilvægt að gætt sé að jafnræði hluthafa að þessu leyti enda æ algengara að stofnanafjárfestar setji sér og birti eiganda- eða hluthafastefnu.
- b) Tilvísun til starfskjaranefndar í gildandi starfskjarastefnu verði breytt þannig að hún vísi eftirleiðis til stjórnarháttá- og mannauðsnefndar, sem sinnir þeim verkefnum sem starfskjaranefnd eru falin samkvæmt 3. gr. gildandi starfskjarastefnu og 57. gr. e. Laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Tillaga að starfskjarastefnu bankans er að finna í viðauka I við tillögur þessar.

Vegna dagskrárliðar 8 – Tillaga stjórnar um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar bankans

Lagt er til að aðalfundur samþykki eftirfarandi breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar bankans (hér eftir nefndar reglurnar). Að öðru leyti standi ákvæði reglnanna óbreytt. Greinargerð með tillögunni er að finna undir umfjöllun um tillögur til breytinga á samþykktum í dagskrárlið 9 um sama efni.

1. gr. reglnanna verði eftirleiðis svohljóðandi:

1. Hlutverk og markmið
 - 1.1 Hlutverk tilnefningarnefndar („nefndin“) er að tilnefna frambjóðendur til setu í stjórn („stjórnin“) Íslandsbanka hf. („bankinn“). Nefndin starfar á grundvelli heimildar í grein 4.4 í samþykktum bankans og 53. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
 - 1.2 Markmið nefndarinnar er að:
 - skapa vettvang til að koma framboðum til stjórnar á framfæri;
 - að meta hæfi einstakra frambjóðenda til að rækja hlutverk sitt;
 - að tryggja að sá hópur sem tilnefndur er í stjórnina hafi nægilega breidd hvað varðar þekkingu, reynslu og bakgrunn út frá stefnu, þörfum og starfsemi bankans; og
 - sinna öðrum þeim verkefnum sem kveðið er á um í 53. gr. laga nr. 161/2002 og tryggja að tilnefningar til kjörs í stjórn séu í samræmi við ákvæði laga og samþykka bankans.

2. gr. reglnanna verði eftirleiðis svohljóðandi:

2. Samsetning og kjör nefndarinnar
 - 2.1 Um kjör nefndarinnar og samsetningu gilda ákvæði samþykka félagsins og 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki.



- 2.2 Stjórn bankans er falið að ganga frá samningi við nefndina og sjá henni fyrir aðstöðu til starfa. Í skýrslu nefndarinnar skal gerð grein fyrir kostnaði vegna starfa hennar.

3. gr. reglnanna verði eftirleiðis svohljóðandi:

3. Ábyrgð
- 3.1 Nefndin skal leggja fram tillögu um frambjóðendur til setu í stjórn bankans á aðalfundi bankans, eða öðrum hluthafafundum þar sem stjórnarkjör er á dagskrá, með eins góðum fyrirvara og unnt er en eigi síðar en 5 dögum áður en framboðsfrestur rennur út.
- 3.2 Tilnefningarnefnd hefur meðal annars hliðsjón af tilnefningum hluthafa enda hafi viðkomandi hluthafi tilkynnt tilnefningarnefnd tilnefningar sínar með hæfilegum fyrirvara sem er eigi síðar en 30 virkum dögum fyrir aðalfund og 20 virkum dögum fyrir hluthafafund, nema að til fundarins hafi verið boðað með skemmri fresti.
- 3.3 Nefndin skal óska eftir tillögum frá hluthöfum um frambjóðendur í stjórn bankans með auglýsingu í fréttakerfi kauphallarinnar. Tilkynningin skal innihalda skýrar leiðbeiningar um hvernig hluthafar geta sent tillögur sínar og hvernig einstaklingar geta tilkynnt um framboð sitt, þar á meðal um viðeigandi framboðsfresti. Þessar leiðbeiningar skulu einnig birtar á heimasíðu bankans.
- 3.4 Nefndin skal síðan leggja til við hluthafana tillögu sína yfir þá frambjóðendur sem skulu sitja í stjórn bankans og birta tillögu sína ásamt öðrum framboðsyfirlýsingum samhliða fundarboði. Tillagan skal einnig tilgreina hvaða frambjóðandi skuli gegna starfi stjórnarformanns. Tillaga nefndarinnar um frambjóðendur skal send öllum hluthöfum eða gerð aðgengileg almenningi.
- 3.5 Tillögur nefndarinnar skulu hafa að geyma rökstuðning fyrir hæfi hvers frambjóðanda, með vísan til þessara reglna, samþykkt bankans og annarra viðeigandi reglna og leiðbeininga um hæfi stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum.
- 3.6 Við framkvæmd starfa sinna skal nefndin taka tillit til hagsmuna allra hluthafa bankans.
- 3.7 Nefndin skal leitast við að tryggja að þeir frambjóðendur sem nefndin tilnefnir hafi sameiginlega næga þekkingu, kunnáttu, fjölbreytni og reynslu sem nauðsynleg er fyrir starfsemi bankans sem fjármálafyrirtæki. Við undirbúning tillagna um frambjóðendur til stjórnar bankans skal nefndin m.a.:
- Meta frambjóðendur, byggt á hæfni þeirra, færni, reynslu og þekkingu samkvæmt gildandi reglum um hæfi stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum.
 - Meta óhæði frambjóðenda í samræmi við Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Íslandi.
 - Skilgreina hæfiskilyrði fyrir stjórnarsæti og meta þann tíma sem vænta má að stjórnaseti krefjist.
 - Leitast við að koma á fjölbreyttri stjórn bankans og í þeim efnum fylgja samþykktum bankans, þar á meðal ákvæðum samþykktanna um jafnrétti kynjanna.
 - Leitast við að koma í veg fyrir að einn einstaklingur eða lítill hópur einstaklinga verði ráðandi við ákvarðanatöku stjórnar á kostnað bankans í heild.



- f) Undirbúa og leggja fyrir viðeigandi hluthafafund, upplýsingar um niðurstöðu mats á hæfi og formlega tillögu um frambjóðendur til stjórnar, þar á meðal um formann stjórnar.
- 3.8 Tilnefningarnefnd skal, a.m.k. árlega, leggja mat á skipulag, stærð, samsetningu og árangur stjórnar og bankastjóra m.a. út frá sjálfs- og árangursmati sem stjórn hefur framkvæmt og viðtölum við einstaka stjórnarmenn og bankastjóra, og gera tillögur að úrbótum til stjórnar þegar við á. Nefndin skal jafnframt meta, og gefa stjórn skýrslu um, þekkingu, hæfni og reynslu einstakra stjórnarmanna, stjórnar sem heild og bankastjóra og gera tillögur að úrbótum til stjórnar þegar við á.
- 3.9 Við framkvæmd starfa sinna getur nefndin aflað viðeigandi upplýsinga frá núverandi stjórn og undirnefndum stjórnar. Nefndin skal vera sjálfstæð í störfum sínum og hafa aðgang að fjármunum, ytri ráðgjöf og öðrum aðföngum sem hún þarf til að gegna störfum sínum.
- 3.10 Nefndin skal leggja mat á stefnu bankans um hæfi bankastjóra og stjórnenda sem svara beint til bankastjóra og gera tillögur að úrbótum til stjórnar þegar við á.

4. gr. reglnanna verði eftirleiðis svohljóðandi:

- 4. Fundir
- 4.1 Á fyrsta fundi sínum skal nefndin skipa formann og ritara.
- 4.2 Formaður skal sjá til þess að fundagerðabók sé haldin og þær fundargerðir skulu aðeins vera aðgengilegar nefndarmönnum, nema nefndin ákveði annað.
- 4.3 Að minnsta kosti tveir nefndarfundir skulu haldnir á hverju ári, en annars eins oft og þörf þykir.
- 4.4 Formaður skal boða til funda með nægum fyrirvara. Varamaður skal kallaður til ef aðalmaður getur ekki sótt fund, eða tekið þátt í meðferð einstakra mála, vegna forfalla, vanhæfis eða að eigin ósk. Nefndin er ákvörðunarbær þegar meirihluti nefndarmanna sækir fundinn. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum á fundum nefndarinnar en þegar atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formannsins málinu. Mikilvægar ákvarðanir má ekki taka nema allir nefndarmenn hafi haft tækifæri til að fjalla um málið.



Vegna dagskrárliðar 9 – Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum bankans

Stjórn leggur til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á 4.4 grein samþykktu bankans og hún verði eftirleiðis svohljóðandi:

- 4.4 Félagið skal hafa starfandi tilnefningarnefnd sem hefur það hlutverk að tilnefna frambjóðendur til stjórnar í félaginu á aðalfundi, eða eftir atvikum á hluthafafundi þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Nefndarmenn tilnefningarnefndar skulu vera þrír (3), auk tveggja (2) varamanna. Tveir nefndarmanna tilnefningarnefndar ásamt einum varamanni skulu kjörnir af aðalfundi, eða öðrum hluthafafundi þar sem kjör nefndarmanna tilnefningarnefndar er á dagskrá, til eins árs í senn. Reglur samþykktu um stjórnarkjör skulu gilda um kosningu nefndarmanna í tilnefningarnefnd á hluthafafundi. Þriðji nefndarmaður tilnefningarnefndar og varamaður hans skulu vera stjórnarmenn í félaginu og eru þeir skipaðir af stjórn til eins árs í senn. Skipan nefndarinnar og störf hennar skulu vera í samræmi við 53. gr. laga 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Stjórn skal stuðla að framboði nægilega margra hæfra frambjóðenda til setu í tilnefningarnefnd. Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í tilnefningarnefnd, skulu tilkynna um framboð sitt til stjórnar með sama fyrirvara og gildir um framboð til setu í stjórn. Upplýsingar um skipun nefndarmanna skal birt á vefsíðu félagsins. Starfsreglur tilnefningarnefndar skulu samþykktar á hluthafafundi.

The Company shall operate a Nomination Committee whose role is to nominate individuals to the Company's Board of Directors at the Company's Annual General Meeting, or as the case may be at a shareholders' meeting where an election to the Board is on the agenda. The Nomination Committee shall consist of three (3) members and two alternate members. Two of the members of the Nomination Committee and their alternate member shall be elected at the Company's Annual General Meeting, or at a shareholders' meeting, for one year at a time. The election of members of the Nomination Committee at a shareholders meeting shall be governed by the Articles of Association's rules on the election of members of the Board of Directors. The third member of the Nomination Committee and his alternate shall be members of the Board of Directors and are appointed by the Board of Directors, for one year at a time. The composition of the Nomination Committee and its role shall be in accordance with Article 53 of the Act on Financial Undertakings No. 161/2002. Those who intend to stand for election to the Nomination Committee shall notify the Board of Directors of their candidacy within the same notice as applies for declaring candidacy to the Board of Directors. Information on the appointment of the Nomination Committee shall be made available on the Company's website. The rules of procedure of the Nomination Committee shall be approved at a shareholders' meeting.

Greinargerð um tillögur til breytinga á ákvæðum starfsreglna um tilnefningarnefnd og samþykktu um sama efni í dagskrárliðum 8 og 9:

Þær breytingar sem hér eru lagðar til eiga sér þrjúþættan tilgang:

Í fyrsta lagi hefur nú tekið gildi ákvæði í lögum um fjármálafyrirtæki (53. gr.) sem skyldar slík fyrirtæki að starfrækja tilnefningarnefnd, skilgreinir með hvaða hætti nefndin skuli skipuð og hvaða verkefni hún hafi með höndum. Ákvæði starfsreglna um



tilnefningarnefnd og samþykktu bankans eru lagaðar að lagatextanum og tryggt að misræmi verði ekki á milli þeirra skyldna sem kveðið er á í lögum og innri reglum.

Í *öðru lagi* hefur verið tekið tillit til ábendinga frá hluthöfum um að eðlilegt sé að hluthafafundur kjósi í tilnefningarnefnd fremur en að stjórn sjái ein um að skipa nefndina. Rétt er í því sambandi að nefna skyldubundin ákvæði í 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki um verkefni tilnefningarnefndar sem fela henni að meta árangur sitjandi stjórnar, þekkingu og hæfni einstakra stjórnarmanna o.fl. Gert er ráð fyrir því í 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki að hluthafafundur kjósi nefndarmenn eða ákveði hvernig hún skuli skipuð. Jafnframt er þar miðað við að þriðji hver nefndarmaður komi úr stjórn bankans. Núverandi fyrirkomulag um að stjórn skipi tilnefningarnefnd er ekki í andstöðu við lagaákvæðið en samrýmist síður hugmyndum um að nefndin starfi í umboði hluthafa og hafi viðvarandi skyldum að gegna við mat á störfum stjórnar. Nýleg könnun um viðhorf fjárfesta bendir til þess að yfirgnæfandi fjöldi þeirra telji eðlegra að hluthafar kjósi í tilnefningarnefnd aðra nefndarmenn tilnefningarnefndar en þá sem koma úr röðum stjórnar.

Í *þriðja lagi* er brugðist við vandkvæðum sem upp geta komið ef meðlimur í tilnefningarnefnd getur ekki tekið þátt í starfi hennar vegna forfalla, vanhæfis eða annarra ástæðna. Er því lagt til að tveir varamenn verði í nefndinni og jafnframt mælt nánar fyrir um það við hvaða aðstæður þeir verði kallaðir til.

Nánar tiltekið eru breytingarnar eftirfarandi:

Grein 4.4. í samþykktum:

Nauðsynlegt er að breyta greininni til að kveða á um að hér eftir kjósi hluthafafundur tvo nefndarmenn í tilnefningarnefnd, auk eins varamanns. Auk þess er áréttað að um skipan nefndarinnar og störf gildi framangreind 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Í samræmi við ákvæði 53. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki skal að minnsta kosti þriðji hver nefndarmaður tilnefningarnefndar að vera stjórnarmaður í viðkomandi fjármálafyrirtæki. Þess vegna er jafnframt kveðið á um að þriðji nefndarmaður í tilnefningarnefnd félagsins og varamaður hans skuli vera stjórnarmenn í félaginu og þeir séu skipaðir af stjórn til eins árs í senn. Að síðustu er kveðið á um að þeir sem hyggist gefa kost á sér til setu í tilnefningarnefnd skuli tilkynna um framboð sitt með sama fyrirvara og gildir um framboð til setu í stjórn, en að sjálfsgöðu er ekki útilokað að kjósa þurfi á milli frambjóðenda og því eðlilegt að hluthafar geti kynnt sér frambjóðendur fyrir fund.

Starfsreglur tilnefningarnefndar:

Breytingartillögur á 1. gr. lúta að því að því að samræma greinina breyttum lögum. Sömuleiðis er í 2. gr. einfölduð umfjöllun um samsetningu og kjör nefndarinnar enda er nú nánar kveðið á um þau atriði í lögum og samþykktum. Í 3. gr. er lagt til að tilnefningarnefndin skili tillögum sínum um stjórnarmenn með eins góðum fyrirvara og unnt er fyrir hluthafafund og jafnframt settur þar lágmarksfrestur sem ætti að gefa hluthöfum betra ráðrúm og tækifæri til að koma á framfæri öðrum frambjóðendum á jafnræðisgrunni kjósi þeir svo. Í gr. 3.2. er gerð breyting um að tilnefningarnefnd hafi hliðsjón af tilnefningum hluthafa enda hafi viðkomandi hluthafi tilkynnt tilnefningarnefnd tilnefningar sínar með hæfilegum fyrirvara. Í 4. gr. er kveðið á um við hvaða aðstæður varamenn skuli kallaðir til en talið er mikilvægt að tilnefningarnefnd sé fullskipuð við meðferð allra mála.



Vegna dagskrárliðar 10 - Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breytingu á samþykktum bankans

Stjórn bankans leggur til að eftirfarandi tillaga um kaup á eigin hlutum verði samþykkt. Jafnframt er lagt til, verði tillagan samþykkt, að heimildarinnar verði getið í viðauka við samþykktir bankans og verði þannig hluti af samþykktunum í samræmi við ákvæði 2.6 samþykktu bankans:

„Aðalfundur Íslandsbanka hf. haldinn 21. mars 2024 samþykkir að veita stjórn bankans heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd bankans allt að 10% af hlutafé hans. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að fyrirfram samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, samkvæmt 77. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (CRR), hafi verið veitt.

Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá aðalfundardegi árið 2024.

The Annual General Meeting of Íslandsbanki hf. held on 21 March 2024 authorises the Board of Directors, based on Article 55 of the Company Act no. 2/1995, to acquire on behalf of the Bank up to 10% of issued share capital of the Bank. The authorisation shall be used to set up a formal share repurchase program or for the purpose of offering shareholders generally to sell their shares to the Bank e.g., through auction where equal treatment of shareholders is ensured. The repurchase of shares under this authorisation is conditional upon the prior approval of the Financial Supervisory Authority of the Central Bank of Iceland in accordance with Article 77 of Regulation (EU) on Prudential Requirements for Credit Institutions and Investment Firms, No. 575/2013 (CRR).

This authorisation shall remain in effect for 18 months after the Bank's Annual General Meeting in 2024. "

Greinargerð:

Með tillögunni er lagt til að stjórn bankans verði veitt heimild til endurkaupa í þeim tilgangi að koma á formlegri endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Almennt er litið svo á að sambærileg sjónarmið eigi við um kaup félags á eigin bréfum og um ákvörðun arðgreiðslna að teknu tilliti til afkomu bankans. Markmiðið með tillögunni er að setja fram með gagnsægjum hætti hvernig bankanum skuli heimilt að ráðstafa fjármunum til hluthafa, samhliða arðgreiðslustefnu bankans. Jafnframt er stefnt að því að nýta heimild til endurkaupa sem lið í því að ná sem hagkvæmastri samsetningu efnahagsreiknings bankans. Heimild þessi til endurkaupa eigin hluta verður framkvæmd í samræmi við ákvæði viðeigandi laga og reglugerða um endurkaup. Þá skal gætt að því að fyrirfram samþykki fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands liggi fyrir áður en endurkaup eru framkvæmd í samræmi við 77. gr. reglugerðar ESB nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki.

Er lagt til að heimild til endurkaupa verði tímabundin og muni gilda í 18 mánuði frá aðalfundi bankans.



Vegna dagskrárliðar 11 – Ákvörðun um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans

Lagt er til að aðalfundur Íslandsbanka samþykki að þóknun til hvers nefndarmanns í tilnefningarnefnd verði kr. 190.000 fyrir hvern setinn fund nefndarinnar, þó samtals að hámarki kr. 1.520.000 fyrir undirbúning hvers stjórnarkjörs.

Vegna dagskrárliðar 12 – Kosning tveggja nefndarmanna og eins varamanns í tilnefningarnefnd bankans

Verði tillaga til breytinga á samþykktum bankans samkvæmt dagskrálið 9 að framan samþykkt á fundinum er lagt til að aðalfundur kjósi tvo nefndarmenn og einn varamann í tilnefningarnefnd bankans.

Eftirtaldir aðilar eru í framboði til kjörs í tilnefningarnefnd bankans sem aðalmenn:

Helga Valfells

Hilmar Garðar Hjaltason

Eftirtaldir aðilar eru í framboði til kjörs í tilnefningarnefnd bankans sem varamenn:

Anna Rut Práinsdóttir

Aðrir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í tilnefningarnefnd bankans skulu tilkynna um framboð eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Skulu tilkynningar því berast á netfangið tilnefningarnefnd@islandsbanki.is fyrir kl. 16:00 þann 16. mars 2024.

Upplýsingar um frambjóðendur í tilnefningarnefnd verða birtar á [vefsíðu bankans](#) eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir aðalfundinn og verða þær aðgengilegar í höfuðstöðvum bankans frá þeim tíma.

Vegna dagskrárliðar 13 – Kosning utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd bankans

Lagt er til að aðalfundur Íslandsbanka kjósi Pál Grétar Steingrímsson, löggiltan endurskoðanda, sem utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefndar bankans.

Greinargerð:

Tillagan byggir á nýlegum breytingum á ákvæðum laga nr. 3/2006 um ársreikninga, en af þeim leiðir að utanaðkomandi meðlimir endurskoðunarnefndar skuli tilnefndir á aðalfundi. Þar sem stjórn bankans hefur ákveðið að einn meðlimur endurskoðunarnefndar skuli vera utanaðkomandi, þ.e. ekki stjórnarmaður, leggur stjórnin til að Páll Grétar Steingrímsson verði kjörinn. Páll Grétar er jafnframt tilnefndur sem varamaður í stjórn bankans af tilnefningarnefnd Íslandsbanka.



Viðauki I

Starfskjarastefna Íslandsbanka hf.

1 gr. Markmið

Íslandsbanki leggur áherslu á að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk. Markmið starfskjarastefnunnar er að gera starf hjá bankanum að eftirsóknarverðum kosti fyrir hæft starfsfólk og þar með tryggja samkeppnishæfni bankans, framþróun og viðunandi arðsemi.

Í starfskjarastefnu felast jafnframt markmið um að traust ríki um stjórn og starfsemi bankans, að bankinn sé í forystu á sviði góðra stjórnarháttanna og sjálfbærni, að hagsmunahans sé gætt í hvívetna, sem á ekki síst við um orðspor og trúverðugleika, og að hann starfi í samræmi við þau viðmið, gildi og viðskiptasiðferði sem eðlilegt er að gildi um banka, í heild eða hluta, í opinberri eigu.

Starfskjarastefnan skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið, samræmast og stuðla að traustri og skilvirkri áhættustýringu, hvetji ekki til áhættusækni umfram áhættuvilja fyrirtækisins og fela í sér ráðstafanir til að forðast hagsmunaaðreka. Bankinn leggur áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjör skal fyrst og fremst horft til viðeigandi starfsreynslu, ábyrgðar samkvæmt starfslýsingu, og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum.

Í samræmi við 79. gr. a. í lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, skal starfskjarastefna bankans lögð fram til samþykktar á aðalfundi.

2. gr. Stjórnarháttá- og mannauðsnefnd

Stjórnarháttá- og mannauðsnefnd skal skipuð þannig að hún geti lagt faglegt og sjálfstætt mat á starfskjarastefnu og framkvæmd hennar og hvata til að stýra áhættu og eigin- og lausafjárstöðu. A.m.k. þrjú stjórnarmenn skulu sitja í nefndinni og einn þeirra gegna formennsku.

Stjórnarháttá- og mannauðsnefnd ber ábyrgð á undirbúningi ákvarðana um starfskjör, þ.m.t. þeirra ákvarðana sem hafa áhrif á áhættu og áhættustýringu fyrirtækisins og þeirra ákvarðana sem stjórn eða bankastjóri tekur, með hætti sem tekur tillit til langtímahagsmuna hluthafa, fjárfesta og annarra hagsmunaaðila fyrirtækisins og almannahagsmuna. Hlutverk nefndarinnar er að vera leiðbeinandi fyrir stjórn og bankastjóra um starfskjör helstu stjórnenda bankans. Nefndin skal jafnframt hafa umsjón með starfskjörum yfirmanna áhættustýringar og regluvörslu.

Stjórnarháttá- og mannauðsnefnd skal árlega gefa stjórn skýrslu um framkvæmd, og fylgni við, starfskjarastefnu bankans og heildarkostnað vegna hennar í tengslum við aðalfund bankans sem skal birta jafnframt með árskýrslu stjórnar hvert ár. Jafnframt skal nefndin fylgjast með þróun launasamninga, starfsmannafjölda og launaútgjalda. Stjórn skal setja nefndinni starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um hlutverk hennar og gera opinberar á heimasíðu bankans.

3. gr. Starfskjör stjórnarmanna

Stjórnarmönnum skal greiða föst mánaðarleg laun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Við ákvörðun um fjárhæð launa skal taka mið af þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu bankans. Stjórnarháttá- og mannauðsnefnd gerir rökstudda



tillögu til stjórnar um laun stjórnarmanna fyrir komandi starfsár. Stjórn tekur afstöðu til tillögu stjórnarháttá- og mannauðsnefndar og gerir endanlega tillögu um laun sem lögð er fyrir aðalfund. Bankinn greiðir jafnframt ferðakostnað vegna starfa stjórnarmanna sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins. Óheimilt er að gera starfslokasamninga við stjórnarmenn.

4. gr. Starfskjör bankastjóra og stjórnenda

Starfskjör bankastjóra og stjórnenda bankans skulu vera samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi.

Ekki skal gera samninga við bankastjóra og stjórnendur bankans sem fela í sér starfslokagreiðslur, umfram ákvæði ráðningarsamninga, kjarasamninga og skyldur samkvæmt lögum. Samningsbundinn uppsagnarfrestur bankastjóra og stjórnenda skal ekki vera lengri en sex til tólf mánuðir, að teknu tilliti til ábyrgðar og verkefna.

5. gr. Skaðleysi stjórnar, bankastjóra og lykilstarfsmanna

Bankinn skal tryggja að á hverjum tíma sé í gildi starfsábyrgðartrygging fyrir stjórnarmenn, bankastjóra og lykilstarfsmenn bankans, bæði starfandi og fyrrverandi, vegna starfa þeirra í þágu bankans. Bankinn skal tryggja að þeim sé haldið skaðlausum af kröfum sem á þá kunna að verða gerðar eða á þá kunna að falla vegna starfa þeirra fyrir félagið að svo miklu leyti sem slík krafa er ekki til komin fyrir saknæma háttsemi hlutaðeigandi sem metin er honum sem ásetningur eða stórfellt gáleysi.

6. gr. Starfskjarastefna dótturfélaga og fleira

Stjórn bankans skal stuðla að því að starfskjarastefnur dótturfélaga hans séu samkeppnishæfar en hóflegar og ekki leiðandi.

Bankastjóra er skylt að leggja fyrir stjórn bankans tillögu að starfskjarastefnu dótturfélaga sem og tillögu að stjórnarlaunum.

7. gr. Breytilegir kjarabættir

Bankinn skal ekki gera eða heimila samninga um kaupauka, þ.e. ekki heimila samninga um starfskjör sem eru skilgreind með árangri og eru ekki þáttur í föstum starfskjörum, þar sem endanleg fjárhæð eða umfang þeirra liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram.

Ef stjórn bankans hyggst taka upp slíkt kaupaukakerfi innan samstæðu bankans þarf áður að fá samþykki hluthafafundar.

8. gr. Upplýsingagjöf

Bankinn skal gera grein fyrir kjörum stjórnarmanna, kjörum bankastjóra og kjörum hvers og eins framkvæmdastjóra í framkvæmdastjórn í ársskýrslu sinni.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á heimasíðu bankans.



9. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefnan skal tekin til afgreiðslu á aðalfundi bankans og borin undir fundinn til samþykktar, synjunar eða breytingar.

Heimilt er að endurskoða starfskjarastefnuna oftari en árlega og skulu breytingar þá lagðar fyrir hluthafafund til samþykktar. Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir bankann og stjórn. Stjórn skal færa til bókar í fundargerðarbók frávík frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávík studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi bankans.



Viðauki II

Íslandsbanki hf.

Starfsreglur tilnefningarnefndar Íslandsbanka hf.

1. Hlutverk og markmið

- 1.1 Hlutverk tilnefningarnefndar („nefndin“) er að tilnefna frambjóðendur til setu í stjórn („stjórnin“) Íslandsbanka hf. („bankinn“). Nefndin starfar á grundvelli heimildar í grein 4.4 í samþykktum bankans og 53. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
- 1.2 Markmið nefndarinnar er að:
 - skapa vettvang til að koma framboðum til stjórnar á framfæri;
 - að meta hæfi einstakra frambjóðenda til að rækja hlutverk sitt;
 - að tryggja að sá hópur sem tilnefndur er í stjórnina hafi nægilega breidd hvað varðar þekkingu, reynslu og bakgrunn út frá stefnu, þörfum og starfsemi bankans; og
 - sinna öðrum þeim verkefnum sem kveðið er á um í 53. gr. laga nr. 161/2002 og tryggja að tilnefningar til kjörs í stjórn séu í samræmi við ákvæði laga og samþykka bankans.

2. Samsetning nefndarinnar

- 2.1 Um kjör nefndarinnar og samsetningu gilda ákvæði samþykka félagsins og 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki.
- 2.2 Stjórn bankans er falið að ganga frá samningi við nefndina og sjá henni fyrir aðstöðu til starfa. Í skýrslu nefndarinnar skal gerð grein fyrir kostnaði vegna starfa hennar.

3. Ábyrgð

- 3.1 Nefndin skal leggja fram tillögu um frambjóðendur til setu í stjórn bankans á aðalfundi bankans, eða öðrum hluthafafundum þar sem stjórnarkjör er á dagskrá með eins góðum fyrirvara og unnt er en eigi síðar en 5 dögum áður en framboðsfrestur rennur út.
- 3.2 Tilnefningarnefnd hefur meðal annars hliðsjón af tilnefningum hluthafa enda hafi viðkomandi hluthafi tilkynnt tilnefningarnefnd tilnefningar sínar með hæfilegum fyrirvara sem er eigi síðar en 30 virkum dögum fyrir aðalfund og 20 virkum dögum fyrir hluthafafund, nema að til fundarins hafi verið boðað með skemmri fresti.
- 3.3 Nefndin skal óska eftir tillögum frá hluthöfum um frambjóðendur í stjórn bankans með auglýsingu í fréttakerfi kauphallarinnar. Tilkynningin skal innihalda skýrar leiðbeiningar um hvernig hluthafar geta sent tillögur sínar og hvernig einstaklingar geta tilkynnt um framboð sitt, þar á meðal um viðeigandi framboðsfresti. Þessar leiðbeiningar skulu einnig birtar á heimasíðu bankans.
- 3.4 Nefndin skal síðan leggja til við hluthafana tillögu sína yfir þá frambjóðendur sem skulu sitja í stjórn bankans og birta tillögu sína ásamt öðrum framboðsyfirlýsingum samhliða fundarboði. Tillagan skal einnig tilgreina hvaða frambjóðandi skuli gegna



starfi stjórnarformanns. Tillaga nefndarinnar um frambjóðendur skal send öllum hluthöfum eða gerð aðgengileg almenningi.

- 3.5 Tillögur nefndarinnar skulu hafa að geyma rökstuðning fyrir hæfi hvers frambjóðanda, með vísan til þessara reglna, samþykkt bankans og annarra viðeigandi reglna og leiðbeininga um hæfi stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum.
- 3.6 Við framkvæmd starfa sinna skal nefndin taka tillit til hagsmuna allra hluthafa bankans.
- 3.7 Nefndin skal leitast við að tryggja að þeir frambjóðendur sem nefndin tilnefnir hafi sameiginlega næga þekkingu, kunnáttu, fjölbreytni og reynslu sem nauðsynleg er fyrir starfsemi bankans sem fjármálafyrirtæki. Við undirbúning tillagna um frambjóðendur til stjórnar bankans skal nefndin m.a.:
- a) Meta frambjóðendur, byggt á hæfni þeirra, færni, reynslu og þekkingu samkvæmt gildandi reglum um hæfi stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum.
 - b) Meta óhæði frambjóðenda í samræmi við Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Íslandi.
 - c) Skilgreina hæfiskilyrði fyrir stjórnarsæti og meta þann tíma sem vænta má að stjórnaseti krefjist.
 - d) Leitast við að koma á fjölbreyttri stjórn bankans og í þeim efnum fylgja samþykktum bankans, þar á meðal ákvæðum samþykktanna um jafnrétti kynjanna.
 - e) Leitast við að koma í veg fyrir að einn einstaklingur eða lítill hópur einstaklinga verði ráðandi við ákvarðanatöku stjórnar á kostnað bankans í heild.
 - f) Undirbúa og leggja fyrir viðeigandi hluthafafund, upplýsingar um niðurstöðu mats á hæfi og formlega tillögu um frambjóðendur til stjórnar, þar á meðal um formann stjórnar.
- 3.8 Tilnefningarnefnd skal, a.m.k. árlega, meta skipulag, stærð, samsetningu og árangur stjórnar og bankastjóra m.a. út frá sjálfs- og árangursmati sem stjórn hefur framkvæmt og viðtölum við einstaka stjórnarmenn og bankastjóra, og gera tillögur að úrbótum til stjórnar þegar við á. Nefndin skal jafnframt meta, og gefa stjórn skýrslu um, þekkingu, hæfni og reynslu einstakra stjórnarmanna, stjórnar sem heild og bankastjóra og gera tillögur að úrbótum til stjórnar þegar við á.
- 3.9 Við framkvæmd starfa sinna getur nefndin aflað viðeigandi upplýsinga frá núverandi stjórn og undirnefndum stjórnar. Nefndin skal vera sjálfstæð í störfum sínum og hafa aðgang að fjármunum, ytri ráðgjöf og öðrum aðföngum sem hún þarf til að gegna störfum sínum.
- 3.10 Nefndin skal leggja mat á stefnu bankans um hæfi bankastjóra og stjórnenda sem svara beint til bankastjóra og gera tillögur að úrbótum til stjórnar þegar við á.



4. Fundir

- 4.1 Á fyrsta fundi sínum skal nefndin skipa formann og ritara.
- 4.2 Formaður skal sjá til þess að fundargerðabók sé haldin og þær fundargerðir skulu aðeins vera aðgengilegar nefndarmönnum, nema nefndin ákveði annað.
- 4.3 Að minnsta kosti tveir nefndarfundir skulu haldnir á hverju ári, en annars eins oft og þörf þykir.
- 4.4 Formaður skal boða til funda með nægum fyrirvara. Varamaður skal kallaður til ef aðalmaður getur ekki sótt fund, eða tekið þátt í meðferð einstakra mála, vegna forfalla, vanhæfis eða að eigin ósk. Nefndin er ákvörðunarbær þegar meirihluti nefndarmanna sækir fundinn. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum á fundum nefndarinnar en þegar atkvæði eru jöfn ræður atkvæði formannsins málinu. Mikilvægar ákvarðanir má ekki taka nema allir nefndarmenn hafi haft tækifæri til að fjalla um málið.

5. Trúnaður

- 5.1 Nefndin skal hafa aðgang að viðeigandi upplýsingum og gögnum sem nefndin telur sig þurfa til að geta sinnt skyldum sínum, að því marki sem lög leyfa.
- 5.2 Allar upplýsingar um bankann sem nefndin hefur aflað eða útbúið þ.m.t. upplýsingar um starfsemi hans og athafnir, eru trúnaðarmál. Sama gildir um allar aðrar trúnaðarupplýsingar sem nefndin hefur sjálf aflað, móttekið eða útbúið.
- 5.3 Öll vinnsla persónuupplýsinga skal vera í samræmi við gildandi lög.
- 5.4 Trúnaðarskylda þessi helst þótt látið sé af störfum.

6. Gildistaka og birting

- 6.1 Bankinn skal birta nöfn nefndarmanna á vefsíðu sinni eigi síðar en hálfu ári fyrir aðalfund bankans.
- 6.2 Tillögur nefndarinnar skulu birtar á heimasíðu bankans.
- 6.3 Reglur þessar skulu birtar á heimasíðu bankans.